

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Skýrsla Svæðisstjóra Ægissvæðis 2010.

Í Ægissvæði höfum við þann háttinn á að halda fjóra svæðisráðsfundi, sem klúbbarnir skiptast á að sjá um. Byrjað er á morgunmat kl. 9.00 og lokið á milli kl. 11 og 12. Í svæðisstjórn Ægissvæðis 2010 eru Arnar Ingólfsson svæðisstjóri Keili, Hildisif Björgvinsdóttir kjörsvæðisstjóri Sólborgu, Benóný Guðmundsson ritari Keili, Magnús Eyjólfsson meðstjórnandi Hofi og Guðjón Guðnason fráfarandi svæðisstjóri Eldborgu.

Fyrsta verkefni mitt sem kjörsvæðisstjóri var að sjá um sumarhátíð okkar, sem var haldin á Hellishólum og gekk hún vel fyrir sig.

Stjórnarskipti í Ægissvæði fara fram með misjöfnum hætti, og er það skemmtilegt að ekki hafi allir sama háttinn á. Hildisif kjörsvæðisstjóri var mér til aðstoðar á öllum stjórnarskiptunum.

Svæðisráðsfundir hafa gengið vel fyrir sig, mæting og skýrsluskil til fyrirmyndar. Fræðslunefnd mætti á fyrsta svæðisráðsfundinn og hef ég fengið mjög jákvæð viðbrögð frá klúbbum með þá fræðslu. Þessi fræðsla var skemmtilega sett upp hjá fræðslunefnd og var ætluð almennum félögum til að bæta félagsstarf og nefndarstarf. Á fundi í janúar var farið yfir SVÓT greiningu Kiwanisklúbba í Ægissvæði, allir klúbbar nema einn tóku þátt í þessu verkefni. Markmið SVÓT greiningar var að klúbbar færu í naflaskoðun og færu yfir sína styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Tel ég þetta hafa virkað ágætlega og í flestum klúbbum voru góðar umræður um þeirra stöðu og tækifæri.

Helstu niðurstöður voru:

Styrkleikar: Skemmtilegt, góðir félagar, öflugt starf, sterkir styrktarsjóðir.

Veikleikar: Ómarkviss félagaöflun, óskýr framtíðarsýn og stefnumótun, vantar meiri sýnileika, móttaka og fræðsla nýliða, halda félögum betur,

Ógnanir: Samkeppni við aðra klúbba og félagsstarf, fjárhagserfiðleikar í þjóðfélaginu og samkeppni í fjáröflun, fækkun í hreyfingunni, aldursamsetning.

Tækifæri: Betri kynning, nýta netið, fjölgun félaga, kreppan skapar tækifæri, fjölga klúbbum, kynna Kiwanis í tengslum við Hjálmaverkefnið og K-daginn, færa áhugamálin í klúbbastarfið, t.d. ferðir, veiði, reglubundnar gönguferðir eða önnur áhugamál.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Af þessu sem ég tíunda hér og kom upp hjá flestum klúbbum má sjá að víða er verið gera góða hluti og tækifærin eru til staðar. Nánari skil á þessari greiningu var kynnt á svæðisráðfundi og á umdæmisstjórnarfundi í janúar.

Klúbbar í Ægissvæði hafa ýmis skemmtileg fjáröflunarverkefni og hafa þau flest gengið vel, þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu. Má þakka jákvætt viðhorf margra aðila í garð Kiwanis. T.d vil ég nefna að Keilisfélagar settu upp nýja klukku á einu af mörgum hringtorgum Reykjanesbæjar, tekjur af auglýsingasölu er búið að borga upp allan kostnað er hún farin skila inn tekjum í styrktarsjóð. Fiskidagur Eldborgar gekk einnig mjög vel, auk þess sem að verkefni hjá öðrum gengu ágætlega. Samkvæmt má skýrslum þá safnaðist rúmlega 4,7 millj. kr. í styrktarsjóði klúbbana.

Klúbbar hafa styrkt fyrir um 5 millj. kr. og unnið 1900 klst. vegna líknarmála. Vinnuframlag tel ég vera vantalið og mætti skýra betur út fyrir riturum hvað á að telja þar fram. Þá vil nefna tvær veislur sem Varða og Sólborg sáu um fyrir börn á Barnaspítala Hringsins og aðstandendur þeirra, þessi vinna er t.d ekki inni í þessum tölum.

Hjálmaafhending gekk ágætlega fyrir sig þrátt fyrir seinkun á afhendingu, ræddi ég aðeins við skólastjórnendur um hjálmanotkun eldri barna sem er mjög lítil td. á 12 og 13 ára börnum. Er þeirri hugmynd varpað hér fram að fá börn á þessum aldri til að aðstoða okkur við að afhenda þeim yngri hjálmana og sýna hvernig og skýra út af hverju þau eiga að nota hjálma. Þetta getur haft mikið forvarna gildi ef rétt er staðið að þessu.

Unnið hefur verið að stofnun nýs Kiwanisklúbbs á svæðinu og sl. vetur hafa konur í Reykjanesbæ verið að hittast og undirbúa stofnun. Klúbburinn heitir Varða, skipað var í stjórn og stefnt er að stofnun í haust, Keilir verður móðurklúbbur Vörðu. Því miður þá tókst ekki að stofna klúbbinn fyrir þing og mun Óskar umdæmisstjóri halda sínu yfirvaraskeggi eitthvað lengur. Félagafjöldi í Ægissvæði hefur aukist um átta féлага.

Það er mjög skemmtilegt verkefni að vera svæðisstjóri í Ægissvæði. Starfið hefur gengið mjög vel og klúbbum í svæðinu hefur verið vel stjórnað. Bæði hafa verið forsetar með mikla reynslu og aðrir sem hafa haft minni reynslu, þeir læra af þeim sem hafa reynsluna og þeir sem hafa reynsluna þurfa að hlusta á þá reynsluminni.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Það sem stendur upp úr svona starfi er að sjálfsögðu að kynnast mikið af góðu fólki, sem er tilbúið að gefa af sér í Kiwanisstarfinu. Að lokum vil ég að vitna í skýrslu Jóhönnu Einarsdóttur forseta Vörðu þegar hún lýsir viðbrögðum lítillar stúlku sem var sjúklingur á Barnaspítala Hringsins, þessu orð féllu eftir veislu sem þær sáu um. Stúlka sagði við pabba sinn. „, *Pabbi, mér finnst eins og það sé hátíð*“. Þetta er í raun það sem okkar starf á að snúast um, gera lífið aðeins bærilegra fyrir þá sem minna eiga sín í okkar samfélagi.

Þakkir til allra sem ég hef átt samskipti við á þessu starfsári.

Með Kiwaniskveðjum
Arnar Ingólfsson Keili
Svæðisstjóri Ægissvæðissvæðis 2009-10